

Fiskistofa
b.t. Guðna Magnúsar Eiríkssonar
Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri

Stöðufelli, 9. júní 2022

Efni: Athugasemdir Veiðifélags Þjórsár við umsókn Landsvirkjunar um leyfi fyrir Hvammsvirkjun

Vísað er til erindis Guðna Magnúsar Eiríkssonar, sviðsstjóra lax- og silungaveiðisviðs hjá Fiskistofu, dags. 16. maí 2022, þar sem Veiðifélagi Þjórsár var boðið að koma að sjónarmiðum sínum vegna umsóknar Landsvirkjunar um leyfi til framkvæmda við Hvammsvirkjun.

Veiðifélag Þjórsár gerir eftirfarandi athugasemdir við umsókn Landsvirkjunar:

1. Undirbúningur og umhverfismat

Landsvirkjun hefur um árábil unnið að undirbúningi þriggja virkjana í Þjórsá, þ.e. Hvammsvirkjunar, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar.

Á árunum 2001-2003 lagði Landsvirkjun fram tvo kosti á útfærslu efri virkjananna í Þjórsá til umhverfismats samkvæmt þágildandi lögum nr. 106/2000, um mat á umhversáhrifum. Annars vegar var um að ræða Núpsvirkjun í einu þrepi og hins vegar virkjun í tveimur þrepum sem samanstóð af Hvammsvirkjun og Holtavirkjun.

Með úrskurði Skipulagsstofnunar, dags. 19. ágúst 2003, var fallist á fyrirhugaða virkjun Þjórsár í tveimur þrepum með byggingu Hvammsvirkjunar og Holtavirkjunar með tilteknum skilyrðum, þ.m.t. eftirfarandi skilyrði (fskj. 1):

„4. Áður en til framkvæmda kemur þarf framkvæmdaraðili að standa fyrir þeim viðbótarrannsóknum um grunnástand lífríkis í Þjórsá sem lagðar eru til í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjórsár og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Í ljósi niðurstaðna þessara rannsókna þarf framkvæmdaraðili að útfæra nánar og grípa til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru til í fyrrnefndri sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar. Að loknum framkvæmdum þarf framkvæmdaraðili að fara að þeim tillögum að vöktun sem fram koma í sérfræðiskýrslunni og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Vöktun þarf að standa yfir í a.m.k. 10 ár frá því að starfsemi virkjananna hefst. Viðbótarrannsóknir, mótvægisáðgerðir og vöktun þarf að vinna í samráði við og bera undir veiðimálastjóra.

Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til umhversráðherra, en með úrskurði ráðherra, dags. 27. apríl 2004, var úrskurður Skipulagsstofnunar staðfestur hvað þetta varðar (fskj. 2).

Í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar, sem vísað er til í ofangreindu skilyrði, kemur fram að virkjanir í Þjórsá muni hafa neikvæð áhrif á lífríki árinna og að minnka megi áhrif verulega með mótvægisáðgerðum. Í því sambandi voru lagðar til eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Stýra rennsli í farvegum með skertu rennsli og forðast snöggar rennslisbreytingar.
- Lagfæra farvegi og gera búsvæði á ákveðnum köflum og í sérstökum hliðarlænum.
- Byggja fiskvegi framhjá stíflumannvirkjum.
- Veita seiðum og fiski í sjógöngu framhjá virkjunum og stíflumannvirkjum.
- Sleppa seiðum á heppileg svæði.
- Opna upp ný svæði fyrir göngufisk.
- Hanna mannvirki og túrbínur þannig að ekki verði um ofauðgun lofts eða fiskdauða að ræða.

Veiðimálastofnun tók einnig fram að þörf væri á frekari rannsóknum og lagði til eftirfarandi viðbótarrannsóknir á áhrifum á lífríki Þjórsár:

- Meta þurfi seiðaveitur og væntanlegan árangur slíkra mannvirkja. Gera þurfi verkfræðilegar útfærslur á þeim áðgerðum sem helst komi til greina og meta út frá straumfræði og fiskatferli.
- Kanna þurfi gönguhegðun og finna göngutíma laxaseiða til sjávar í Þjórsá svo unnt sé að tímastilla og hagræða aðferðum til að veita seiðum niður framhjá virkjunum.
- Kanna þurfi mun betur göngur sjóbirtingsseiða og stálpaðs sjóbirtings á leið til sjávar. Einnig séu takmarkaðar upplýsingar um stærð og útbreiðslu sjóbirtings á vatnakerfinu sem bæta þyrfti.
- Kanna þurfi gönguhegðun laxfiska á leið upp Þjórsá með rafeindamerkingum.

Einnig kemur fram að komi til framkvæmda sé nauðsynlegt að hefja vöktunarrannsóknir á áhrifum á vatnalífríki. Þessar rannsóknir miði einkum að því að nema breytingar vegna myndunar lóna og breyttra rennslishátta og meta árangur mótvægisáðgerða. Í því skyni voru lagðar til eftirfarandi vöktunarrannsóknir:

- Seiðarannsóknir með skipulögðum mælingum í vatnakerfinu með rafveiðum, eins og farið hafi fram undanfarin ár. Leggja þurfi áherslu á að meta seiðabúskap m.t.t. áhrifa virkjana og árangur mótvægisáðgerða.
- Kanna þurfi fiskgöngur upp og niður Þjórsá. Koma megi teljurum fyrir í fiskvegum og merkja fisk á uppgöngu með eltimerkjum og fylgjast þannig með göngum upp ána í þeim tilgangi að meta árangur mótvægisáðgerða. Göngum niður ána sé hægt að fylgjast með í gildrum og seiðaveitum síðar meir.
- Kanna þurfi áhrif framkvæmda á botndýrasamfélög Þjórsár. Fyrirliggjandi gögn séu byggð á sýnatöku af steinum og sé lagt til að slíkri sýnatöku yrði fram haldið.
- Kanna þurfi áhrif breyttra rennslishátta og aukins dýpis í lónum á fjölda og tegundasamsetningu botndýra með löndum en jafnframt þar sem gæti aukins flutnings botnefna.
- Æskilegt sé að fylgst verði með áhrifum miðlunar vatns á botndýrasamfélög neðan Búðafoss svo hægt verði að meta gæði svæðisins með tilliti til uppeldisskilyrða fyrir laxfiska.
- Samhliða vöktunarrannsóknum þurfi að koma upp áætlun sem geri það mögulegt að grípa til neyðaraðgerða ef mótvægisáðgerðir, s.s. seiðaveitur, fiskstigar o.fl. virka ekki eins og til sé ætlast.

Eins og nánar verður rakið hér á eftir telur Veiðifélag Þjórsár að Landsvirkjun hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði í úrskurðum ráðherra og Skipulagsstofnunar.

2. Umsögn Veiðifélags Þjórsár, dags. 15. janúar 2022

Þann 15. nóvember 2021 barst Veiðifélagi Þjórsár beiðni Landsvirkjunar um umsögn félagsins um hugsanlegar framkvæmdir við Hvammsvirkjun í Þjórsá. Veiðifélag Þjórsár sendi Landsvirkjun umsögn sína um stöðu málsins þann 15. janúar 2022, en þar var bent á fjölmörg atriði sem enn eru óljós um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki Þjórsár (fskj. 3). Vísað er til umfjöllunar í umsögninni, en afstaða Veiðifélagsins stendur óbreytt.

Veiðifélag Þjórsár áréttaði í umsögn sinni að 35% af búsvæði laxfiska eru fyrir ofan fyrirhugaða virkjun. Enn eru uppi vafamál um áhrif virkjunar á þessu svæði og í sumum tilvikum er í raun augljóst að hugmyndir að lausnum hafi ekki verið byggðar vísindalegri þekkingu á seiðaveitum, afkomumöguleikum laxa og sjóbirtings og áhrifum af snöggum rennslisbreytingum neðan stíflu á fiskistofna. Sem dæmi var nefnt að Landsvirkjun hafi boðað seiðaveitur sem mótvægisáðgerð í Þjórsá, þrátt fyrir að sambærilegar áðgerðir til að minnka umhverfisáhrif virkjana á laxfiska í Columbia ánni í Bandaríkjunum hafi kostað yfir 10 milljarða bandaríkjadali á síðustu 35 árum, án þess að áðgerðirnar hafi komið í veg fyrir frekara hrun fiskistofna.

Veiðifélag Þjórsár benti einnig á að óvissa væri um virkni mótvægisáðgerða og viðbragðsáætlana með tilkomu virkjunar. Þannig virtist sem mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar ættu almennt að veða upp þau vandamál sem kynnu að skapast, óháð hver þau kynnu að verða. Ekki hafi verið gerð tilraun til að greina hvaða vandamál gætu komið upp á framkvæmdatíma eða rekstrartíma Hvammsvirkjunar. Skilgreindar mótvægisáðgerðir, með fyrirhugaðri virkni í hverju tilfelli, hafi því ekki verið settar fram.

Jafnframt var lögð áhersla á að nauðsynlegt væri að umsjón og eftirlit með breyttum lífsskilyrðum fiska og fæðutegunda þeirra af völdum mannvirkja og mótvægisáðgerða væri í höndum *óháðra aðila* sem valdir yrðu af hagsmunaaðilum í samráði við Landsvirkjun áður en framkvæmdaleyfi yrði gefið út.

Samantekið gerði Veiðifélag Þjórsár kröfu um að eftirfarandi þættir yrðu kannaðir:

- Stærðir stofna sjógöngufiska og staðbundinna.
- Áhrif botnfalls í lónum á seiði og fæðu þeirra.
- Áhrif dælingar botnfalls úr lónum á allan fisk og annað lífríki.
- Áhrif rennslisbreytinga í farvegi neðan stíflu að útrás á fiskgöngur með áður óþekktum rennslissveiflum.
- Hvernig tryggt verður að lágmarksrennsli fari ekki niður fyrir þau mörk sem sannanlega eru fullnægjandi.
- Virkni seiðaveitna.
- Mótvægisáðgerðir/viðbragðsáætlanir komi til þess að bregðast þurfi við óvæntum uppkomum.
- Viðbrögð við óvæntum uppkomum, samstarfsaðilar tilgreindir.
- Hver muni hafa eftirlit og bera ábyrgð á framkvæmda- og rekstraraðila virkjunarinnar.

Lögð var áhersla á að niðurstöður rannsókna yrðu metnar og að sú vitneskja sem kæmu út úr þeirri vinnu myndi skila skynsamlegum tillögum að lausnum. Eins og nánar verður rakið hér á eftir hefur Landsvirkjun ekki orðið við þessum kröfum Veiðifélags Þjórsár með fullnægjandi hætti.

3. Umsókn Landsvirkjunar til Fiskistofu og viðbrögð við kröfum Veiðifélags Þjórsár

Þann 7. apríl 2022 sendi Landsvirkjun Fiskistofu umsókn um leyfi fyrir Hvammsvirkjun. Umsókninni fylgdi bréf þar sem farið er yfir framangreindar athugasemdir og kröfur Veiðifélags Þjórsár, sem settar voru fram með umsögn Veiðifélagsins til Landsvirkjunar, dags. 15. janúar 2022. Veiðifélag Þjórsár telur hins vegar að svör Landsvirkjunar séu með öllu ófullnægjandi, enda skauta þau framhjá mikilvægum athugasemdum varðandi lífríki Þjórsár sem Veiðifélagið benti á í umsögn sinni til Landsvirkjunar. Verður nú vikið nánar að þessum atriðum:

3.1. Áhrif botnfalls í lónum á seiði og fæðu þeirra.

Í svörum Landsvirkjunar er ekkert fjallað um afleiðingar brottfalls á seiði.

Seiði laxfiska, sem alast upp í straumvatni, nærast á botndýrum, þ.e. skordýralirfum og öðrum smádýrum. Fjöldi og þéttleiki botndýra í Þjórsá og þverám hennar er mikill, en það bendir til þess að fæðuskilyrði fyrir laxfiska í ánni séu góð. Í skýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjórsár og þveráa hennar voru tekin saman fæðugögn fyrir laxa- og urriðaseiði (fskj. 4). Aðaluppstaðan í fæðu þeirra eru rykmýs-, bitmýs- og vorflugulirfur. Í skýrslunni er bent á að mörg mikilvæg fæðusvæði fyrir laxfiska séu í fyrirhuguðum lónstæðum sem og á þeim köflum árinna þar sem búast má við skertu rennsli í kjölfar framkvæmda. Aukið vatnsdýpi, tíðar rennslisbreytingar, þurrkar og flóð í árfarvegi eru allt þættir sem koma til með að hafa neikvæð áhrif á botndýrafánu árinna. Höfundar skýrslunnar kalla eftir frekari rannsóknum á áhrifum lónamyndunar og rennslisjöfnunar á tegundasamsetningu og þéttleika botndýra.

Veiðifélag Þjórsár veit ekki til þess að gerðar hafi verið fullnægjandi rannsóknir á þessum áhrifum.

3.2. Áhrif dælingar botnfalls úr lónum á allan fisk og annað lífríki.

Í svörum Landsvirkjunar er ekkert fjallað um afleiðingar dælingar úr lónum á lífríki Þjórsár.

Veiðifélag Þjórsár bendir á að fyrirhugaðar framkvæmdir muni leiða til þess að hrygningarsvæði fari undir lón og að það muni hafa neikvæð áhrif á hrogn og seiði. Það liggur fyrir að í straumlitlu lóni sest framburður eins og jökulleir og sandur, en hann kæfir hrogn og seiði ásamt því að eyða fæðu. Ekki liggur fyrir með hvaða aðferðum lónið verður hreinsað. Seti sem sest til í lóni þarf að koma burt. Verður ekki annað ráðið en að áhrif á fæðu- og hrygningarsvæði verði umtalsverð.

Mikil óvissa er uppi um raunverulegt umfang aurdælingar og hvort hægt sé að takmarka það með mótvægisáðgerðum. Landsvirkjun gerir enga tilraun til að eyða þeirri óvissu með svörum sínum.

3.3. Áhrif rennslisbreytinga í farvegi neðan stíflu að útrás á fiskgöngur

Í svörum Landsvirkjunar er ekkert fjallað um áhrif rennslisbreytinga á fiskigöngur í Þjórsá.

Á þurru ári, sem reikna má með að verði annað hvert ár, má búast við að rennsli neðan lóns virkjunarinnar fari undir 20 m³/sek í allt að 5-6 mánuði af árinu. Þegar innrennsli í lónin eykst síðan

aftur og þau fyllast skyndilega, sem gera má ráða fyrir að gerist oft á hverju ári, þá eykst rennslið um farveg árinna. Við þessar aðstæður getur rennslið aukist um 1000% og síðan sjatnað jafn skjótt aftur. Viðkvæm hrogn og seiði eiga ekki miklar lífslíkur við þessar aðstæður. Í öllu falli hefur óvissu um það ekki verið eytt.

Að beiðni verkefnisstjórnar 3. áfanga Rammaáætlunar unnu þeir Skúli Skúlason og Haraldur Rafn Ingason skýrslu þar sem mat var lagt á fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar (fskj. 5). Skýrslan kom út í október 2013. Þar er lýst áhyggjum af litlu og óreglulegu flæði í árfarveginum neðan virkjanna. Þar er talið að flæðissveiflur geti hindrað för fiska upp og niður ána auk þess sem svæði til hrygningar og uppeldis seiða geti tapast.

Mikil óvissa ríkir því um áhrif rennslisbreytinga og virkni fyrirhugaðra mótvægisáðgerða Landsvirkjunar. Landsvirkjun gerir enga tilraun til að eyða þeirri óvissu með svörum sínum.

3.4. Hvernig fiski verður tryggð gönguleið í vatnslitlum farvegi með áður óþekktum rennslissveiflum

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram sú skoðun að samanborið við farveg Elliðaár séu 10 m³/sek í Þjórsá nægjanlegt vatnsmagn. Veiðifélag Þjórsár bendir hins vegar á að meðalrennsli í Þjórsá sé um og yfir 300 m³/sek. Augljóst er að samanburður Landsvirkjunar við Elliðaár stenst enga skoðun og fjarstæðukennt að setja fram sem vísindalega niðurstöðu. Að mati Veiðifélagsins setja þessar fullyrðingar enn frekara spurningamerki við niðurstöður Landsvirkjunar um vatnsmagn og rennslisbreytingar í ánni.

3.5. Hvernig tryggt verður að lágmarksrennsli fari ekki niður fyrir þau mörk sem sannanlega eru fullnægjandi.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að Landsvirkjun telji að rennsli upp á 10 m³/sek nægi til þess að halda stórum hluta botnsins blautum. Veiðifélag Þjórsár áréttar mikilvægi þess að Fiskistofa kanni hvort þessi kenning sé byggð á fullnægjandi rannsóknum og heimildum um lágmarksrennsli og rennslisstýringu.

3.6. Virgni seiðaveitna

Í svörum Landsvirkjunar er um virkni seiðisveitna eingöngu vísað til minnisblaðs ME-Verkís/ÓRK-014.

Um seiðaveitur vísar Veiðifélag Þjórsár hins vegar til rannsókna Dr. Margaret J Filardo, prófessors í líffræði og forstöðukonu Fiskvegamiðstöðvarinnar í Oregonfylki í Bandaríkjunum, en hún hefur viðamikla reynslu af þróun mótvægisáðgerða í Columbia ánni í Norður Ameríku. Dr. Filardo hefur bent á að lausnir fyrir einstakar virkjanir séu oft á tíðum mjög sértækar og afar kostnaðarsamar. Hún hefur einnig bent á að áætlanir Landsvirkjunar í Þjórsá tengdar hlutfalli seiða sem fara um seiðafleytur (90-95%) og lífslíkur þeirra (næstum 100%) séu mun bjartsýnni en efni standa til (fskj. 6).

Veiðifélag Þjórsár veit ekki til þess að seiðaveitulíkan Landsvirkjunar hafi verið yfirfarið eða gagnrýnt af óháðum fagaðilum. Burtséð frá því verður í öllu falli að telja óeðlilegt að áætlanir tengdar afkomu laxfiska geri almennt ráð fyrir bestu mögulegu útkomu þegar þær innihalda í raun ótalmarga óvissuþætti. Staðreyndin er einnig sú að tilraunir með seiðaveitur hafa verið framkvæmdar víða um heim með mjög takmarkaðri virkni.

Aðalfundur Veiðifélags Þjórsár, sem haldinn var 12. apríl 2022, samþykkti að skora á Landsvirkjun að sýna fram á að tekist hafi einhvers staðar í heiminum að ná væntri virkni Landsvirkjunar með seiðaveitu. Landsvirkjun hefur enn ekki orðið við þeirri áskorun.

3.7. Mótvægis- og viðbragðsáætlanir komi til þess að bregðast þurfi við óvæntum upþákomum

Veiðifélag Þjórsár telur að mat Landsvirkjunar á væntanlegum árangri mótvægisáðgerða, sem vísað er til í svörum félagsins, sé vægast sagt djarft og að mikill vafi sé á því hvort það sé raunhæft. Þannig má víða má finna stórar fullyrðingar Landsvirkjunar um ætlaðan árangur mótvægisáðgerða.

Veiðifélag Þjórsár áréttar mikilvægi þess að Fiskistofa kanni hvort áætlanir Landsvirkjunar séu byggðar á fullnægjandi rannsóknum og heimildum um slíkar mótvægis- og viðbragðsáætlanir.

3.8. Hver mun hafa eftirlit og bera ábyrgð á framkvæmda og rekstraraðila virkjunar

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að eftirlit verði á vegum Fiskistofu, auk annarra lögbundinna eftirlitsaðila. Það er því mikilvægt að Fiskistofa tryggi að fullnægjandi upplýsingar og rannsóknir liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi verður veitt. Að öðrum kosti getur reynst ómögulegt að sinna fullnægjandi eftirliti.

Í þessu sambandi bendir Veiðifélag Þjórsár á að ekki hafi enn verið gerðar stofnstærðarmælingar á laxfiskum í Þjórsá. Sú þekking sem er til staðar á að mestu við um laxa, en litlar upplýsingar eru til um stofna urriða og sjóbirtings. Enn minna er vitað um bleikju í Þjórsá, en stofninn er að öllum líkindum mjög lítill og í hættu á að deyja út verði af framkvæmdum. Að mati Veiðifélags Þjórsár eru stofnstærðarmælingar í Þjórsá grundvallaratriði, eigi að vera mögulegt að greina áhættuatriði, fylgjast með þróun mála og bæta skaða komi til þess. Stofnstærðarmælingar eru því nauðsynlegar til þess að hægt sé að sinna eftirlitshlutverki með fullnægjandi hætti.

Þannig er ógerlegt að meta tjón á óþekktri stærð fiskistofna og að sama skapi er illmögulegt að leggja mat á hvort mótvægisáðgerðir geti skilað árangri. Óvissan sem af þessu skapast er gríðarleg. Að mati Veiðifélags Þjórsár eru veiðitölur alsendis ónothæfur mælikvarði á stærð fiskstofna í Þjórsá, annars vegar vegna ófullkominnar skráningar afla og hins að veiðiaðferðir hafa breyst verulega.

4. **Skilyrði Skipulagsstofnunar og ráðherra eru ekki uppfyllt**

Í 1. kafla hér að framan var fjallað um skilyrði sem Skipulagsstofnun og ráðherra settu fyrir fyrirhugaða virkjun Þjórsár í tveimur þrepum með byggingu Hvammsvirkjunar og Holtavirkjunar. Kröfur Veiðifélags Þjórsár, sem settar voru fram í umsögn til Landsvirkjunar þann 15. janúar 2022 og fjallað var um í 2. kafla hér að framan, eiga sér stoð í þessum skilyrðum.

Eins og áður segir kemur eftirfarandi skilyrði fram í niðurstöðu Skipulagsstofnunar, sem staðfest var af ráðherra:

„4. Áður en til framkvæmda kemur þarf framkvæmdaraðili að standa fyrir þeim viðbótarrannsóknum um grunnástand lífríkis í Þjórsá sem lagðar eru til í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjórsár og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Í ljósi niðurstaðna þessara rannsókna þarf framkvæmdaraðili að útfæra nánar og grípa til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru til í fyrrnefndri sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar.“

Með vísan til þess sem rakið var hér að framan telur Veiðifélag Þjórsár að þetta skilyrði sé ekki uppfyllt. Þannig hafa fullnægjandi viðbótarrannsóknir um grunnástand lífríkis í Þjórsá ekki farið fram auk þess sem Landsvirkjun hefur hvorki útfært né rökstutt að fullnægjandi mótvægisáðgerðir verði til staðar.

5. Umsögn Hafrannsóknarstofnunar

Með umsögn þessari fylgir umsögn Hafrannsóknarstofnunnar, dags. 12. mars 2021 (fskj. 7). Um er að ræða álit Hafrannsóknarstofnunar, sem unnið var fyrir Landsvirkjun, um hvort Landsvirkjun hafi uppfyllt skilyrði sem sett voru við umhverfismat fyrirhugaðra framkvæmda. Að mati Veiðifélags Þjórsár sýnir umsögnin hversu mikið vantar upp á að tímabært sé að huga að framkvæmdaleyfi vegna Hvammsvirkjunar. Þannig vekur umsögnin í það minnsta upp spurningar sem nauðsynlegt er að svara áður en leyfi verður veitt fyrir Hvammsvirkjun.

Í þessu sambandi telur Veiðifélag Þjórsár mikilvægt er að eftirfarandi fullyrðingar Hafrannsóknarstofnunar verði staðfestar með skýrum og vísindalegum rannsóknarniðurstöðum áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmdum:

- a) Að þær sjö vatnsvirkjanir sem eru í vatnakerfi Þjórsár, með tilheyrandi miðlunarlónum og veitum, hafi valdið því að rennsli Þjórsár sé miklu jafnara en áður auk þess sem svifaur í vatni á neðri hluta hennar sé mun minni en var fyrir virkjanir. Þetta hafi skapað stöðugri skilyrði og aukna lífræna framleiðslu í ánni.
- b) Að fiskistofnar hafi vaxið vegna þess sem fram kemur í lið a).
- c) Að margar rannsóknir, sem Hafrannsóknarstofnun (Veiðimálastofnun) hefur gert fyrir Landsvirkjun, snúi að mótvægisáðgerðum sem miði að því að minnka áhrif virkjunarinnar á lífríki árinna.
- d) Að til mótvægis er gert ráð fyrir að tryggja ákveðið lágmarksrennsli í farvegi neðan stíflu.

Einnig gerir Veiðifélag Þjórsár kröfu um að eftirfarandi spurningum verði svarað:

- a) Mat var gert á búsvæðum laxfiska í Þjórsá árið 2001. Hvert er ástand þeirra nú?
- b) Hvert er núverandi ástand fæðu og hrygningar möguleika á svæði því sem Hvammsvirkjun mun leggja yfir, hver er seiðapéttleiki þess svæðis og hver er göngutími og hraði fiska af því svæði?

6. Fyrri afstaða Fiskistofu

Á árinu 2015 fór Skipulagsstofnun yfir ósk Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárbings ytra þar sem óskað var eftir ákvörðun um hvort endurskoða þyrfti umhverfismat Hvammsvirkjunar. Í því ferli var óskað eftir álit Fiskistofu af hálfu Skipulagsstofnunar. Í álit Fiskistofu var vísað til þess að umfangsmiklar rannsóknir hefðu farið fram á vegum Veiðimálastofnunar á áhrifasvæði virkjunarinnar og þeim mótvægisáðgerðum sem hafa verið útfærðar (fskj. 8). Fiskistofa taldi, miðað við fyrirbyggjandi forsendur og gögn, að ekki væri nauðsynlegt að endurtaka mat á umhverfisáhrifum með tilliti til veiðimála á svæðinu.

Það er mat stjórnar Veiðifélags Þjórsár að óheppilegt sé að Fiskistofa, sem er leyfisveitandi, hafi tekið með svo afgerandi hætti afstöðu til virkjunarinnar áður en umsókn um leyfi kom til umfjöllunar stofnunarinnar. Vegna þessa telur Veiðifélagið nauðsynlegt að framangreindar athugasemdir, sem

benda á að rannsóknir á áhrifasvæði Hvammsvirkjunar séu afar takmarkaðar og að mótvægisáðgerðir séu lítt útfærðar, verði kannaðar ítarlega af Fiskistofu.

7. Álit Veiðifélags Þjórsár

Ljóst er að áhrif láglandisvirkjana á fiskstofna eru mun meiri en áhrif hálendisvirkjana. Þegar virkjað er á láglandi, lokast fyrir gönguleiðir allra fisktegunda og nefna má fjölda tilfella erlendis þar sem slíkar virkjanir hafa gengið mjög nærri stofnum göngufiska. Þótt ef til vill séu ekki stórar fjárhæðir í húfi vegna tekna af veiði miðað við heildarverðmæti í veiðimálum hér á landi, þá geta þær haft mikla þýðingu á dreifbýlissvæðum, þar sem annar búskapur er á undanhaldi.

Framkvæmdir við Hvammsvirkjun munu fela í sér mikil inngrip á viðkvæm göngusvæði villtra laxa í Þjórsá, inngrip sem á sér enga fyrirmynd á Íslandi. Sérfræðingar hafa ítrekað varað við Hvammsvirkjun, bent á að í þeirri mynd sem er nú til skoðunar verði veruleg eyðing búsvæða, afkomubrestur seiða og gönguhindrun laxfiska. Gríðarleg óvissa er um áhrif framkvæmdanna á lífríki Þjórsár, enda hefur Landsvirkjun komist upp með fljótfærnisleg vinnubrögð frá fyrsta degi. Þær mótvægisáðgerðir sem Landsvirkjun leggur til eru óljósar og virðist sem þær eigi almennt að vega upp þau vandamál sem kunna að skapast án þess að skilgreint sé hver þau kunna að verða. Fram til þessa hefur fiskgengur hluti farvegs Þjórsár verið laus við áhrif af mannvirkjum á lífríki árinna. Ákvörðun um að rjúfa núverandi náttúrulegt ástand er stór og þarfnast mun meiri og vandaðri undirbúnings en Landsvirkjun býður nú upp á.

Að mati Veiðifélags Þjórsár yrðu áhrif Hvammsvirkjunar á lífríki árinna mikil. Í því sambandi verður að horfa til þess að 35% af búsvæði laxfiska eru við og fyrir ofan fyrirhugaða virkjun. Uppi eru vafamál um áhrif virkjunar á þessu svæði, í sumum tilvikum er í raun augljóst að hugmyndir að lausnum hafi ekki verið byggðar á vísindalegri þekkingu.

Veiðifélag Þjórsár telur augljóst að ekki hefur verið farið eftir tilmælum sérfræðingahóps sem skipaður var 22. október 2013 af verkefnisstjórn þriðja áfanga Rammaáætlunar (fskj. 9). Vinna hópsins var grunnurinn að því að Hvammsvirkjun var færð í nýtingarflokk og þ.a.l. gerð krafa um að farið sé eftir niðurstöðu þeirrar vinnu: „*Faghópurinn telur nauðsynlegt að formlegar mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar vegna virkjananna þriggja þurfi að vera mun ítarlegri og hver aðgerð verði sérstaklega rökstudd í greinagerð um framkvæmd með tilvísun í viðeigandi rannsóknargögn og heimildir. Faghópurinn hefur áhyggjur af lítilli þekkingu á göngu- og staðbundnum stofnum urriða og bleikju í Þjórsá og hvetur til að rannsóknir á þeim verði stórauknar.“*

Það er mat Veiðifélags Þjórsár að Landsvirkjun hafi ekki fullnægt skilyrðum úrskurðar Skipulagsstofnunar, dags. 19. ágúst 2003, sem staðfestur var af umhverfisráðherra, enda eru þeir málaflokkar sem Veiðifélag Þjórsár hefur bent á lítt eða ekkert unnir, ekki þekktir eða ranglega taldir viðráðanlegir. Að mati Veiðifélagsins ætti hver og einn þeirra að leiða til þess leyfisumsókn Landsvirkjunar verði hafnað

Með vísan til alls framangreinds gerir stjórn Veiðifélags Þjórsár kröfu um Fiskistofa hafni umsókn Landsvirkjunar um leyfi til framkvæmda við Hvammsvirkjun.

Í öllu falli er gerð krafa um að Fiskistofa beiti heimild 3. mgr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og krefjist þess að Landsvirkjun láti gera líffræðilega úttekt á Þjórsá, einkum á þeim þáttum

sem Veiðifélag Þjórsár hefur bent á, áður en leyfi til framkvæmda verður veitt. Bent er á að í athugasemdum við 3. mgr. 33. gr. kemur fram að heimildin eigi einkum við þegar framkvæmd er umfangsmikil og líkur eru taldar á því að hún geti haft veruleg áhrif á lífríki veiðivatns. Ljóst er að það á við um Hvammsvirkjun.

Virðingarfyllst,

f.h. Veiðifélags Þjórsár

Formaður

Afrit sent til:

Sveitarstjóri Skeiða og Gnúpverjahrepps,
sveitarstjóra Rangárbings Ytra,
Þorsteins Sigurðssonar, forstjóra Hafrannsóknarstofnunar.

Fylgiskjöl:

1. *Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1, dags. 19. ágúst 2003.*
2. *Úrskurður umhverfisráðuneytisins í máli nr. 03090121, dags. 27. apríl 2004.*
3. *Umsögn Veiðifélags Þjórsár til Landsvirkjunar, dags. 15. janúar 2022.*
4. *Skýrsla Veiðimálastofnunar: „Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells“ (VMST-S/02001), dags. í september 2002.*
5. *Skýrsla Skúla Skúlasonar og Haraldar Rafns Ingvasonar: „Evaluation of available research on salmonids in the river Þjórsá in S-Iceland and proposed countermeasures and mitigation efforts in relation to three proposed hydroelectric power plants in the lower part of the river“, dags. í október 2013.*
6. *Kynning Dr. Margaret J. Filardo: „Columbia River Hydrosystem“, dags. 3. nóvember 2007.*
7. *Umsögn Hafrannsóknarstofnunnar, dags. 12. mars 2021.*
8. *Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matskýrslu, dags. 16. desember 2015.*
9. *Mat faghóps á óvissu fyrirliggjandi upplýsinga um áhrif Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjanna í neðri hluta Þjórsár á laxfiska í ánni, dags. 4. nóvember 2013.*